

Alþingi
Við Austurvöll
Velferðarnefnd

Reykjavík, 3. desember 2025

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga vegna sameiningar Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, þingskjal 340 – 256. mál

Samorka veitti umsögn um málið í samráðsgátt og ítrekar hér þau sjónarmið sem þar komu fram. Samorka fagnar markmiðum frumvarpsins um einföldun stjórnsýslu og hagræðingu í ríkisrekstri. Áhersla á samþættingu skipulags-, húsnæðis- og mannvirkjamála er jákvætt skref til að tryggja skilvirkni og heildstæðari stjórnsýslu á þessum sviðum, líkt og fram kemur í frumvarpinu.

Samorka telur þó að enn frekari tækifæri séu í því að færa þau verkefni Skipulagsstofnunar sem lúta að stjórnsýslu umhverfismats, samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, til Umhverfis- og orkustofnunar.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu í samráðsgátt eru góð rök færð fyrir þeirri samlegð sem er á milli Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar. Sú umfjöllun lýtur öll að þeim ávinningi sem næst við að sameina í eina stofnun og samþætta ferli á sviði húsnæðis-, byggingar- og skipulagsmála.

Umhverfismat framkvæmda tengist hvorki húsnæðis- né mannvirkjamálum með beinum hætti. Það hefur því takmarkaðan faglegan eða stjórnsýslulegan snertiflöt við þau verkefni sem sameiningin miðar að því að samþætta. Í greinargerð með frumvarpinu er til að mynda fjallað um samlegð í stafrænni stjórnsýslu, kortaþjónustu, húsnæðisáætlunum og aðalskipulagi, en umhverfismatið kemur þar hvergi við sögu. Engin efnisleg rök eru færð fyrir því að rétt sé að halda þeirri stjórnsýslu innan nýrrar stofnunar sem heyrir undir annað ráðuneyti en lögin sjálf. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta einfaldalega afgreitt með þeim rökum „að markmið frumvarpsins sé ekki að ráðast í kerfisbreytingar á umhverfismati framkvæmda“.

Þetta er áberandi veikleiki í frumvarpinu og gengur þvert á markmið þess um skilvirkni og samræmi.

Samorka dregur fram eftirfarandi meginröksemdir fyrir þeirri breytingu sem Samorka leggur til að gerð verði á frumvarpinu.

Samræmi við stjórnarfarslega verkaskiptingu

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana heyra undir Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, en stjórnsýslan er hjá stofnun sem heyrir undir Félags- og húsnæðismálaráðuneyti. Með flutningi stjórnsýslu umhverfismats til Umhverfis- og orkustofnunar yrði tryggt að stefnumótun, lagasetning og framkvæmd væru samræmd innan sama ráðuneytis.

Markmið um „einn afgreiðslustað“

Flutningur á stjórnsýslu umhverfismats til Umhverfis- og orkustofnunar styður við markmið ríkisstjórnarinnar um einföldun leyfisveitinga og skilvirka stjórnsýslu. Um yrði að ræða mikilvægt skref í átt að „einum afgreiðslustað“ og forsendu fyrir samþættingu við leyfisveitingar á sviði orku, auðlindanýtingar og mengunarvarna, þar sem Umhverfis- og orkustofnun fer nú þegar með stjórnsýslu í þeim málum.

Fagleg samleið og sérfræðipækking

Umhverfismat er ferli sem miðar að því að greina og meta áhrif framkvæmda á náttúru, samfélag og auðlindir áður en ákvörðun er tekin. Slíkt ferli tengist betur verkefnum, fagsviðum og sérfræðipækkingu Umhverfis- og orkustofnunar en stofnana á sviði skipulags- og mannvirkjamála.

Samorka telur mikilvægt að horft verði til þess hagræðis og þeirrar einföldunar sem fengist gæti með því að flytja verkefni tengd umhverfismati til Umhverfis- og orkustofnunar í tengslum við framangreinda sameiningu stofnana. Ef slík tilfærsla næst ekki í fyrsta skrefi framangreindrar sameiningar er mikilvægt að huga að undirbúningi slíkrar framkvæmdar og stjórnvöld komi fram með slíka stefnumörkun.

Samorka er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir þeim sjónarmiðum sem hér birtast.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur